

Delta fundur miðvikudaginn 17. mars 2021 haldinn á Breiðin Nýsköpunarsetur Vesturlands.

Dagskrá:

- Kynning á Nýsköpunarsetrinu, Gísli Gíslason stjórnarformaður.
- Fundur Delta deildar.
- Inga Dóra Halldórsdóttir framkvæmdarstjóri Símenntunarmiðstöðvar Vesturlands.

Breiðin Nýsköpunarmiðstöð:

Gísli Gíslason gekk með okkur um þetta stóra og merkilega hús, sem áður hýsti frystihús Haraldar Böðvarssonar & Co og síðan Brim, en húsið er í eigu Brims. Þó nokkur starfsemi er komin í gang í húsinu, en miklu meira er á skipulagi næstu ára s.s. FabLab verkstæði fyrir Vesturland, aðstaða fyrir listamenn, starfsemi Símenntunarstöðvar Vesturlands, en framkvæmdarstjórinn Inga Dóra Halldórsdóttir er nú þegar flutt inní setrið. Mikil nýsköpun á ýmsu sjávarfangi er byrjað, en ennþá meiri rannsóknarvinna er framundan, eins og Gísli rakti fyrir okkur á efstu hæð húsin á mjög fróðlegum fyrirlestri eftir skoðunarferðina.

Kveikt á kertum:

Jónína Erna Arnardóttir nýr formaður deildarannir kveiki á kertunum og setti fund. 12 Deltakonur voru mættar.

Formannaskipti:

Jónína Eiríksdóttir fráfaraandi formaður fór yfir síðasta ár sem var mjög óvenjulegt ár vegna Covid veirunnar. Deildin hefur ekki getað hist síðan í febrúar 2020, en Teams fundir voru haldnir á árinu og gengu þeir vel.

Jónína bauð nýja stjórn velkomna til starfa undir stjórn Jónínu Erna Arnardóttir en með henni í stjórn eru Halldóra Jónsdóttir varaformaður, Valgerður Janusdóttir ritari og Elísabet Jóhannesdóttir.

Hver er ég ?

Halldóra Jónsdóttir sagði frá sjálfri sér, en hún er fædd í Vestmannaeyjum árið 1955. Halldóra flutti á Akranes 1963, þar sem faðir hennar var skattstjóri. Halldóra er stúdent frá Menntaskólanun á Akureyri og fór síðan í Háskóla Íslands, þar sem hún lauk prófi í Bókasafns-og upplýsingamennt. Halldór hefur starfað sem safnstjóri Bókasafns Akraness undafarna áratugi.

Áhugamál Halldóru eru: Lestur, útivera, göngur, golf og veiðar. Hún hefur sungið í kvennakór undanfarin ár og starfar í Delta deild.

Símenntunarstöð Vesturlands:

Inga Dóra Halldórsdóttir framkvæmdastjóri Símenntunarmiðstöðvar Vesturlands sagði okkur frá starfsemi miðstöðvarinnar sem var stofnuð 1999, en þar starfa 6 manns.

Markmið stofnunarinnar er að ná til þess fólks sem ekki hefur lokið námi. Unnið er með raunfærnismat í samvinnu við menntastofnanir. Boðið er upp á fjölbreytta þjónustu við fólk með fötlun á Vesturlandi.

Samstarf er við vinnumálastofnun, sóknaráætlun Vesturlands, fræðslu fyrir starfsfólk öldrunarþjónustu, málefni innflytjenda sem eru 12% íbúa Vesturlands.

Símenntunarmiðstöðin skipuleggur námskeið í samstarfi við Virk.

Markaðsmálin eru í brenndepli, en velta ársins 2020 var 115 milljónir. Mikil aukning hefur verið í starfs- og námsviðtöl.

Orð til umhugsunar/mér er efst í huga:

Theodóru Þorsteinsdóttur var falið þessi liður fundarins, en hún sagðist vera á tímamótum, þar sem hún væri að hætta í vor starfi sínu sem skólastjóri Tónlistaskóla Borgarfjarðar vegna aldurs. Hún sagðist vera sátt við lífsstarfið og hlakkaði til komandi ára.

Formaður sleit fundi kl 19:50. Haldið var á neðri hæðina þar sem borðaðir voru ljúffengir smáréttir. Happadrættið okkar var undir borðhaldi og var sú heppna Brynja Helgadóttir.

Elísabet Jóhannesdóttir